



Notkun á vefjum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

2010

Vefumsjón: Áki G. Karlsson



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

2011

Notkun á vefjum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Eftirfarandi er skýrsla um notkun á vefjum Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns fyrir árið 2010. Skýrslan er unnin upp úr gögnum Modernus sem sér um virka vefmælingu fyrir yfir hundrað íslenska vefi og er því gott tæki til að bera saman umferð. Skýrslan fjallar um notkun á fjórtán vefjum sem er haldið úti á vegum safnsins eða tengjast því beint.

Tveir vefir bætast inn í talninguna 2010: Handrit.is sem var opnaður 21. apríl og bækur.is sem var opnaður 1. desember. Talning á handrit.is hófst áður en vefurinn var formlega opnaður og því eru til tölur frá upphafi árs. Breytingar á talningakerfi Modernus á árinu gera erfiðara um vik að bera saman tölur milli ára, en hér er í öllum tilvikum stuðst við sögulegar mælingar frá þeim eins og þær standa nú til samanburðar. Nýjasti vefurinn, bækur.is, er hins vegar mældur með Google Analytics. Talning á vef Kvennasögusafns féll niður síðustu mánuði ársins en hefur nú verið kippt í lag. Tölur frá september til ársloka eru því miklu lægri en raunveruleg umferð á vefinn var á þeim tíma.


Heildarumferð á vefina, mæld sem samanlagður fjöldi mánaðarlegra notenda fyrir þá alla, hefur tæplega fjórfaldast frá 2007 en þrefaldast ef litið er til fjölda innlita. Fjöldi vefja sem safnið heldur úti hefur á sama tíma farið úr 8 í 14. Þar munar mestu um mikla aukningu á notkun tímarit.is sem heldur áfram að bæta við sig og er nú í kringum 20. sætið yfir mest notuðu íslensku vefina. Notkun tímarit.is er rúmlega helmingur heildarnotkunar á vefjum safnsins. Á grafinu hér fyrir neðan má sjá hvernig þrír vefir safnsins standa sig á heildarlistanum yfir vefi sem Modernus mælir. Þar sést hvernig vinsældir tímarit.is hafa farið vaxandi allt þetta ár. Eins sést greinilega hvernig vefirnir hvar.is og landsbókasafn.is eru viðkvæmari fyrir minnkandi umferð á sumrin en meðaltal allra vefja.

Nokkra athygli vekur hvað skemman.is, vefur sem inniheldur lokaritgerðir nemenda úr íslenskum háskólum, hefur vaxið miðað við síðasta ár. Talning hófst raunar ekki fyrr en í mars 2009, en ef einstakir mánuðir eru bornir saman þá virðist aukningin á þessu ári vera um 30% og er vefurinn nú annar mest sótti vefur safnsins á eftir tímarit.is.




Ef litið er á alla vefina hefur umferð aukist milli ára á tímarit.is, skemman.is, landsbókasafn.is, íslandskort.is og kvennasögusafn.is en umferð á aðra vefi safnsins minnkar milli ára (að undanskildum handrit.is og bækur.is). Þetta er umhugsunarefni og ástæða til að kanna hvað veldur. Á heildina litið er þó ástæða til að fagna því að eftirspurn eftir vefþjónustu safnsins fer vaxandi og nýir vefir sem bæst hafa við síðustu ár virðast hitta í mark hjá íslenskum netnotendum.

28. janúar, 2011
Áki G. Karlsson, vefumsjón

Sæti fimm vefja á lista Modernus eftir vikum 2010










Nokkrar heildartölur yfir vefþjónustu safnsins



Fjöldi notenda*

| | jan | feb | mar | apr | maí | jún | júl | ágú | sep | okt | nóv | des | Alls | 2009 |
|----------------------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|---------|---------|
| timarit.is | 14.121 | 17.972 | 22.235 | 32.997 | 28.171 | 23.766 | 25.533 | 32.591 | 36.520 | 45.595 | 70.290 | 62.986 | 412.777 | 134.811 |
| skemman.is | 8.961 | 9.513 | 10.450 | 9.396 | 8.677 | 5.792 | 4.942 | 8.369 | 12.488 | 13.757 | 27.360 | 13.444 | 133.149 | 57.634 |
| landsbokasafn.is | 9.452 | 10.700 | 12.608 | 13.786 | 8.587 | 4.750 | 4.069 | 5.841 | 13.214 | 13.019 | 13.836 | 9.253 | 119.115 | 118.515 |
| hvar.is | 6.002 | 6.863 | 6.692 | 5.706 | 3.541 | 2.535 | 2.152 | 3.287 | 7.114 | 6.538 | 6.421 | 2.979 | 59.830 | 71.085 |
| handrit.is | 1.104 | 1.141 | 1.068 | 2.146 | 1.743 | 1.081 | 1.072 | 1.370 | 1.926 | 2.010 | 2.787 | 1.990 | 19.438 | N/A |
| doktor.bok.hi.is | 1.704 | 1.526 | 1.572 | 1.314 | 939 | 738 | 918 | 1.257 | 1.163 | 1.215 | 1.478 | 928 | 14.752 | 15.750 |
| islandskort.is | 734 | 723 | 1.030 | 1.604 | 2.358 | 2.596 | 640 | 562 | 582 | 590 | 529 | 563 | 12.511 | 8.060 |
| vefsafn.is | 928 | 938 | 780 | 681 | 637 | 507 | 482 | 562 | 785 | 1.676 | 875 | 658 | 9.509 | 16.097 |
| utgafuskra.is | 781 | 729 | 868 | 692 | 411 | 419 | 629 | 735 | 749 | 807 | 1.034 | 567 | 8.421 | 11.613 |
| jonashallgrimsson.is | 379 | 367 | 545 | 543 | 508 | 261 | 215 | 253 | 443 | 564 | 2.687 | 514 | 7.279 | 10.633 |
| sagnanet.is | 674 | 596 | 588 | 584 | 455 | 313 | 365 | 457 | 503 | 493 | 490 | 403 | 5.921 | 7.640 |
| hask.bok.hi.is | 158 | 170 | 154 | 114 | 144 | 145 | 83 | 134 | 143 | 147 | 162 | 120 | 1.674 | 1.913 |
| baekur.is** | | | | | | | | | | | | 218 | 1.321 | N/A |
| kvennasogusafn.is | 169 | 163 | 216 | 156 | 161 | 122 | 124 | 117 | 32 | 1 | 1 | 0 | 1.262 | 1.330 |








* Fjöldi notenda segir til um það hversu margar IP-tölur hafa komið inn á vefinn í hverjum mánuði. Þessi tala er í raun tilraun til að svara spurningunni „hversu margir nota vefinn?“, en talingin tekur t.d. ekki tillit til þess að sami notandinn getur notað vefinn með mismunandi tölvum. Þessi mæling er sú sem oftast er notuð til að bera saman vinsældir vefja .

** Samkvæmt mælingu frá Google Analytics

Fjöldi innlita*

| | jan | feb | mar | apr | maí | jún | júl | ágú | sep | okt | nóv | des | Alls | 2009 |
|----------------------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|---------|---------|
| timarit.is | 25.027 | 30.898 | 38.060 | 51.699 | 43.720 | 37.192 | 39.462 | 50.079 | 56.201 | 70.547 | 99.598 | 85.464 | 627.947 | 245.573 |
| skemman.is | 13.672 | 15.071 | 17.281 | 18.530 | 15.901 | 9.014 | 7.212 | 11.704 | 19.839 | 22.186 | 44.387 | 18.985 | 213.782 | 86.826 |
| landsbokasafn.is | 15.549 | 17.328 | 20.674 | 21.514 | 14.491 | 8.649 | 6.912 | 9.926 | 21.272 | 21.894 | 22.648 | 14.185 | 195.042 | 204.207 |
| hvar.is | 12.283 | 14.351 | 14.432 | 12.860 | 7.613 | 6.076 | 4.990 | 6.877 | 14.768 | 14.510 | 14.582 | 6.764 | 130.106 | 150.160 |
| handrit.is | 1.461 | 1.689 | 1.656 | 2.758 | 2.350 | 1.752 | 1.708 | 2.137 | 2.970 | 2.978 | 3.669 | 2.639 | 27.767 | N/A |
| doktor.bok.hi.is | 1.857 | 1.650 | 1.719 | 1.438 | 1.037 | 835 | 989 | 1.390 | 1.309 | 1.339 | 1.588 | 984 | 16.135 | 17.385 |
| islandskort.is | 822 | 813 | 1.117 | 1.655 | 2.502 | 2.722 | 714 | 611 | 683 | 675 | 577 | 591 | 13.482 | 8.953 |
| vefsafn.is | 1.207 | 1.288 | 1.134 | 995 | 982 | 760 | 714 | 784 | 1.085 | 2.007 | 1.137 | 892 | 12.985 | 19.664 |
| jonashallgrimsson.is | 429 | 449 | 689 | 707 | 595 | 299 | 257 | 287 | 532 | 713 | 3.336 | 613 | 8.906 | 12.717 |
| utgafuskra.is | 834 | 775 | 925 | 726 | 463 | 458 | 652 | 748 | 790 | 831 | 1.081 | 592 | 8.875 | 12.304 |
| hask.bok.hi.is | 700 | 716 | 909 | 594 | 693 | 758 | 434 | 725 | 794 | 802 | 978 | 644 | 8.747 | 8.917 |
| sagnanet.is | 737 | 674 | 645 | 669 | 496 | 345 | 402 | 493 | 599 | 572 | 585 | 463 | 6.680 | 8.852 |
| baekur.is** | | | | | | | | | | | 344 | 1.485 | 1.829 | N/A |
| kvennasogusafn.is | 213 | 213 | 271 | 200 | 220 | 223 | 185 | 151 | 41 | 2 | 5 | 0 | 1.724 | 1.793 |









* Fjöldi innlita segir til um það oft vefurinn var heimsóttur í hverjum mánuði. Fjöldi innlita er hærri en fjöldi notenda af því að sami notandinn getur heimsótt vefinn oftari en einu sinni. Hvað telst sama heimsókn og hvað telst ný heimsókn miðast við lengd setu, en ein seta rennur út eftir vissum tíma sem skilgreindur er af vefþjóni viðkomandi vefs.

** Samkvæmt mælingu frá Google Analytics

Síðuflettingar*

| | jan | feb | mar | apr | maí | jún | júl | ágú | sep | okt | nóv | des | Alls | 2009 |
|----------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|-----------|-----------|
| timarit.is | 496.434 | 548.476 | 588.975 | 602.033 | 589.580 | 524.658 | 519.065 | 540.591 | 653.326 | 747.063 | 722.555 | 595.816 | 7.128.572 | 4.649.272 |
| skemman.is | 98.855 | 92.264 | 109.002 | 145.166 | 167.454 | 86.760 | 52.636 | 86.806 | 142.017 | 157.671 | 205.966 | 88.948 | 1.433.545 | 673.275 |
| landsbokasafn.is | 42.403 | 44.859 | 54.148 | 48.793 | 39.115 | 27.103 | 19.440 | 27.446 | 57.340 | 60.914 | 54.557 | 32.078 | 508.196 | 580.306 |
| hvar.is | 24.860 | 29.219 | 28.678 | 26.571 | 17.571 | 12.822 | 9.727 | 12.322 | 30.364 | 28.744 | 28.446 | 12.546 | 261.870 | 299.870 |
| handrit.is | 8.986 | 14.551 | 12.310 | 21.907 | 18.256 | 15.422 | 16.382 | 17.430 | 22.602 | 18.638 | 20.766 | 12.949 | 200.199 | N/A |
| vefsafn.is | 10.561 | 12.090 | 10.143 | 10.616 | 10.084 | 7.813 | 8.212 | 8.407 | 10.341 | 15.790 | 9.929 | 7.938 | 121.924 | 205.736 |
| islandskort.is | 8.334 | 8.284 | 6.660 | 7.884 | 10.386 | 9.947 | 4.788 | 5.219 | 11.065 | 5.722 | 5.323 | 5.150 | 88.762 | 76.697 |
| hask.bok.hi.is | 3.560 | 3.717 | 4.808 | 3.013 | 3.976 | 4.972 | 2.212 | 3.711 | 4.324 | 5.391 | 5.999 | 3.353 | 49.036 | 59.599 |
| doktor.bok.hi.is | 4.551 | 3.968 | 4.347 | 3.633 | 3.284 | 2.692 | 2.749 | 3.998 | 3.681 | 3.560 | 3.725 | 2.157 | 42.345 | 53.014 |
| jonashallgrimsson.is | 1.101 | 1.886 | 2.796 | 2.796 | 2.383 | 1.218 | 967 | 994 | 1.907 | 2.767 | 13.039 | 1.964 | 33.818 | 44.610 |
| utgafuskra.is | 1.653 | 1.905 | 2.102 | 1.527 | 1.933 | 1.088 | 1.118 | 1.289 | 1.535 | 1.520 | 1.841 | 817 | 18.328 | 24.992 |
| baekur.is** | | | | | | | | | | | 3.208 | 13.945 | 17.153 | N/A |
| sagnanet.is | 1.677 | 1.442 | 1.475 | 1.511 | 1.238 | 894 | 940 | 1.031 | 1.280 | 1.332 | 1.334 | 1.107 | 15.261 | 18.796 |
| kvennasogusafn.is | 863 | 577 | 754 | 564 | 712 | 1043 | 486 | 455 | 200 | 2 | 15 | 0 | 5.671 | 6.020 |



* **Síðuflettingar** segja til um það hversu margar síður hafa verið sóttar frá viðkomandi vef í hverjum mánuði. Þær segja því til um það hversu mikið efni er skoðað á vefnum. Síðuflettingar eru þannig miklu hærri en fjöldi notenda og innlita því hver notandi skoðar gjarnan fleiri en eina síðu á vefnum í hverju innliti. Þetta er þó mjög misjafnt og fer eftir því hvers eðlis viðkomandi vefur er; sumir vefir eru þannig að notendur er nóg að líta á forsiðuna í hvert skipti til að nálgast þær upplýsingar sem þá vantar, meðan aðrir eru þannig að notandinn þarf að kafa eftir upplýsingum.

** Samkvæmt mælingu frá Google Analytics